



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

HEITJUHILJÓMKNIGDAN



13. OKTÓBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikunum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Flow and Fusion: 11'

Fiðlukonsert: 27'

Sinfónía: 50'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FM 13 OKT 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

HETJUHLJÓMKVIÐAN

Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri

Jack Liebeck

einleikari

EFNISSKRÁ

Puríður Jónsdóttir

Flow and Fusion (2002)

Magnus Lindberg

Fiðlukonsert nr. 1 (2006)

I –

II –

III

HLÉ

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr op. 55 (1803–04)

Allegro con brio

Marcia funebre: Adagio assai

Scherzo: Allegro vivace

Finale: Allegro molto – Poco andante – Presto



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómveita og má þar nefna Filharmóníuhljómveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómveitina, Ulster-hljómveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká auk Hljómveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómveitar Íslands. Hann hefur starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder og Ilan Volkov auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómveitir á borð við Sigur Rós, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á *Astardrykknum*, *Rigoletto*, *Töfrafraflautunni* og *La bohème*. Einnig stjórnaði hann í fyrra óperunni *Peter Grimes* eftir Britten, sem var samvinnuverkefni SÍ, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin nú nýverið.

Daníel hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómveitar Íslands og gegnir sem slíkur margþættu hlutverki bæði sem hljómveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



JACK LIEBECK

EINLEIKARI

Jack Liebeck fæddist í Lundúnum árið 1980 og er einn fremsti fiðluleikari Bretlands af yngri kynslóðinni. Hann hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum í heimalandi sínu auk þess að leika einleik m.a. með Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi, Fílharmóníunni í Ósló og Þjóðarhljómsveitinni í Moskvu. Meðal stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Andrew Litton, Sir Neville Marriner, Sakari Oramo, Vasily Petrenko og Jukka Pekka Saraste. Nýverið lék Liebeck fiðlukonsert Lindbergs með Óslóarfílharmóníunni og konsert Bruchs nr. 1 með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna.

Liebeck þreytti frumraun sína í Lundúnum með tónleikum í Wigmore Hall árið 2002 og hefur síðan haldið í tónleikaferðalög um alla Evrópu, Ástralíu, Kína, Kóreu, Taívan, Nýja-Sjáland og Bandaríkin. Þar hefur hann meðal annars komið fram með Renaud Capuçon, Angelu Hewitt, Lynn Harrell og Jean-Yves Thibaudet. Árið 2013 tók Liebeck sæti í píanótríóinu Trio Dali sem stofnað var árið 2007 og hefur bækiðvar í París.

Liebeck hefur hljóðritað einn geisladisk fyrir Quartz (sá var valinn diskur vikunnar hjá Telegraph og hlaut tilnefningu til Classical Brit Award-verðlaunanna), og tvo diska fyrir Sony Classical sem einnig hafa unnið til verðlauna. Nýverið skrifaði hann undir samning við breska forlagið Hyperion. Liebeck hefur einnig starfað náið með tónskáldinu Dario Marianelli og leikið tónlist hans í tveimur kvikmyndum, *Jane Eyre* (2011) og *Önnu Karentínu* (2013) sem hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna, Golden Globe- og BAFTA-verðlauna fyrir bestu kvikmyndatónlist.

Liebeck er prófessor í fiðluleik við Royal Academy of Music og listrænn stjórnandi Oxford May Festival í Oxford. Hann leikur á Guadagnini-fiðlu frá árinu 1785.



ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR

FLOW AND FUSION

Þuríður Jónsdóttir (f. 1967) er gjörn á að kanna nýja hljóðheima í verkum sínum. Mörg þeirra eru studd rafhljóðum, önnur innihalda leikræna tilburði, náttúruhljóð eða þátttöku áheyrenda. Í tónlist hennar má gjarnan greina ólíkt flæði: annað hægferðugt, síbreytilegt og nánast lífrænt, hitt vélrænt, hrátt og endurtekningasamt. Heyra má miklar andstæður þegar ólík efni mætast og háværir, snögggir blossar rjúfa örveikt og hægt ferlið.

Meðal helstu verka Þuríðar má nefna flautukonsertinn *Flutter* sem saminn var fyrir ítalska flautusnillinginn Mario Caroli, en skordýrahljóð leika þar kontrapunkt við hljómsveitina, *Flow and Fusion* fyrir stóra umbreytta hljómsveit, *Raudan bring* fyrir kór, einsöngvara og rafhljóð, INNI – *musica da camera* fyrir barokkfíðlu og hljóðvöðir ungabarns, og harmónikkukonsertinn *Installation Around a Heart* sem saminn var fyrir hinn þekktu norska harmónikkuleikara Geir Draugsvoll og Caput.

Þuríður nam flautuleik og tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar við Konservatoríið í Bologna á Ítalíu þar sem hún lauk diplómagráðu í flautuleik, tónsmíðum og raftónlist. Einnig hefur hún sótt námskeið hjá Franco Donatoni hjá Accademia Chigiana í Siena og Alessandro Solbiati hjá Accademia di Novara á Ítalíu. Eftir áralanga dvöl á Ítalíu býr Þuríður nú í Reykjavík og starfar að list sinni og tónlistarkennslu. Verk eftir Þuríði hafa verið pöntuð og flutt af ýmsum tónlistarhópum og flutt á hátíðum eins og Présences í París, November Music, Klang í Kaupmannahöfn, á Norrænum músíkdögum, ISCM og New Directions. Verk Þuríðar hafa verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs 2006, 2010 og 2012. Í febrúar næstkomandi mun Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari frumflytja verk eftir Þuríði í nýrri tónleikahöll Hamborgar en einnig hefur Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles pantað hjá henni verk til frumflutnings í apríl á næsta ári.

Þegar *Flow and Fusion* var fyrst flutt á Íslandi sagði Þuríður þetta um verk sitt: „Eitt af því sem ég hafði í huga þegar ég skrifaði *Flow and Fusion* voru ólíkir taumar flæðandi glóðheitrar bergkviku sem sameinuðust í einni iðandi hraunkvoðu, sem storknaði svo, varð að kletti ... og endurómaði“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Flow and Fusion var frumflutt í Bologna á Ítalíu en var flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2004 og aftur 2006. Það var valið eitt af tíu áhugaverðustu tónverkum sem kynnt voru á Tónskáldaféringinu í París 2004 og var tilnefnt til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2006. Sí frumflutti flautukonsert Þuríðar, *Flutter* (2009), sem einnig var tilnefndur til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs.



MAGNUS LINDBERG

FIÐLUKONSERT NR. 1

Magnus Lindberg (f. 1958) er eitt dádasta núlifandi tónskáld Finnlands. Hann lærði í Helsinki og París og sótti einnig tíma hjá módernistunum Lachenmann og Ferneyhough í Darmstadt. Fyrstu verk hans einkenndust af þykkri áferð og ofsafenginni tjáningu, til dæmis tónsmíðin sem aflaði honum heimsfrægðar, Kraft (1983–85) fyrir mannmarga hljómsveit auk einleikara á uppagnað selló, klarínnett, píanó og slagverk.

Loks þótti Lindberg að lengra yrði ekki komist á þeirri braut sem hann hafði fetað með *Kraft*. Tónsmíðar hans urðu mildari, áferðin gagnsærri og hrynurinn einfaldari; jafnvel er talað um „spektral rómantik“ í þessu samhengi. Að þessu leyti er ferill Lindbergs dæmigerður fyrir marga af hans kynslóð. Meðal helstu verka hans hin síðari ár eru einleikskonsertar þar sem saman fara litríkur skrautstill og einfaldari kaflar sem hlaðnir eru tjáningu, til dæmis klarínnettconsert (2002), tveir fiðlukonsertar (2006 og 2015) og píanóconsert nr. 2 (2012). Hér þrífst rómantíska hugmyndin um einleikarann sem fimleikakappa og hetju sem fremur ótrúlegustu kúnstir á hljóðfæri sitt. Sjálfur segir Lindberg: „Ég ólst upp við að heyra virtúósítet í tónlist og mér finnst það vera mikilvægur hluti tónlistar enn í dag.“

Lindberg samdi fyrri fiðlukonsert sinn fyrir georgíska fiðlusnillinginn Lisu Batiashvili og hljómsveit Mostly Mozart-tónlistarhátíðarinnar í New York. Því er áhöfn verksins í ætt við snfónísk verk Mozarts en ólíkt umfangsminni en í flestum konsertum 19. og 20. aldar: tvö óbó, tvö fagott, tvö horn og strengir. Lindberg leikur sér hins vegar að því að margskipta hljóðfæraröddunum og skapar þannig þykka áferð þrátt fyrir fámennið á sviðinu. Einleikarinn þarf heldur aldrei að berjast fyrir því að láta fiðluna hljóma gegnum hnausþykkann hljómsveitarvef, eins og stundum vill gerast í verkum fyrir einleikara og hljómsveit.

Þættir verksins eru þrír, bera enga hraðayfirskrift og eru leiknir án hlés. Í upphafi leikur fiðlan háa og hæga tóna umlukin mjúkum hljómi strengjanna, en smám saman kemst aukin hreyfing á tónlistina. Miðþátturinn er ljóðrænn og dramatískur í senn og honum lýkur með kadensu þar sem Lindberg teymir einleikarann út á ystu mörk tækninnar. Lokapátturinn er sannkallað glæsinúmer þar sem fiðla og hljómsveit takast á en finna kyrrð og samhljóm að lokum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á fiðlukonserti Lindbergs á Íslandi, en Snfóníuhljómsveit Íslands hefur áður leikið þrjú verk hans: Marea (1995, stj. Osmo Vänskä), FERIA (2003, stj. Olari Elts) og EXPO (2015, stj. Anna-Maria Helsing). Einnig hafa allmörg verk Lindbergs hljómað á tónleikum einleikara og kammerhópa hér á landi.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 3

Ludwig van Beethoven (1770–1827) sannaði með fyrstu tveimur sífóníum sínum að hann var verðugur arftaki Haydns og Mozarts. Þó var það ekki fyrir en með þeirri þriðju sem hann braut blað í sögu hins sífóníska forms. Aldrei fyrir hafði slíkt verk verið jafn stórt að umfangi; fyrsti þátturinn einn og sér er á við heila Haydn-sífóníu af eldri gerðinni. Fyrst og fremst er það þó innihaldið sjálft – rytmísk spennan, framsækið hljómmál og nýstárleg uppbygging forms – sem gerir þriðju sífóníu Beethovens að tímamótaverki.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Filharmoníuhljómsveit

Hamborgar lék 3. sífóníu

Beethovens á tónleikum

í Dómkirkjunni í júní 1926

undir stjórn Jóns Leifs.

Sífóníuhljómsveit Íslands lék

sífóníuna á fyrsta starfsári

sínu, í Þjóðleikhúsinu í

desember 1950 undir stjórn

Hermanns Hildebrandt.

Síðan hefur hljómsveitin

flutt hana margoft og meðal

stjórnaða hafa verið George

Cleve (1971), Lawrence

Renes (2007), Robert Spano

(2009) og síðast Hannu Lintu

(2011). Sífóníuhljómsveit

Norðurlands lék

sífóníuna árið 2002 undir

stjórn Guðmundar Óla

Gunnarssonar.

Beethoven samdi stærstan hluta hennar veturinn 1803–4 og um sama leyti gerðust þau tíðindi sem gáfu verkinu sitt sérstæða nafn. Síðla árs 1803 tók að kvísa út að hann hefði nýtt verk í smíðum og hygðist tileinka það Napóleoni Bonaparte, sem þá stóð á hátíðni frægðar sinnar og margir litu til sem boðbera nýrra og betri tíma. Napóleoni hafði heitið því að halda í þá stjórnarskipan lýðveldis sem komið var á í kjölfar frönsku byltingarinnar en í maí 1804 barst sú fregn um álfuna að hann hefði tekið sér keisaranafnbót. Þetta var reiðarslag mörgum þeim sem höfðu trúað á fyrirheit byltingarinnar um nýja stjórnarhætti. Beethoven var þeirra á meðal. Honum var svo misboðið að hann stríkaði út nafngift sífóníunnar – *intitolata Bonaparte* – með slíku offorsi að hann gerði gat á titilsíðu handritsins. Í staðinn kom önnur yfirskrift: *Sinfonia eroica ... composta per festeggiare il sovvenire d'un gran uomo*, „Hetjuhlómkviða, samín í minningu mikilmennis.“

Upphafskafllinn er lengri en nokkru sinni hafði áður sést í sífóníu, tæpir 700 taktar. Hér skapar Beethoven stórfenglegt drama í tónum. Að loknum tveimur völdugum hljómmum sem festa í sessi megintóntegundina (Es-dúr) tekur við stef hjá sellóum sem virðist fremur sakleysislegt í fyrstu. Ekki líður þó á löngu þar til það fetar óvænta slóð, þegar í hendingu sellóanna heyrir tóninn *cis*, sem á alls ekki heima í tóntegund verksins.

Í kjölfarið er eins og tónlistin fari hálfpartinn út af sporinu; hún einkennist af óvæntum styrkleikabrigðum, ómstríðum hljómmum og togstreitu í hrynn. Sú taktfesta sem Beethoven gaf til kynna með upphafshljómunum fýkur út í veður og vind. Á tímabili er engu líkara en að sjálfum taktstrikum nótnamyndarinnar hafi verið hnikað til. Kafllinn er í þrískiptum takti en Beethoven leggur hér áherslu á annað hvert slag (2/4) með snörpum áherslum, svo að hlustandinn veit varla hvað snýr upp eða niður.

Framsaga sönötuformsins er því ekki sá staðfasti útgangspunktur sem búast mátti við. Í stað tveggja meginstefja hljóma ótal styttri bútar; í meðförum Beethovens víkkar heildarformið út en sjálf stefin skreppa saman. Í úrvinnslunni bryddar hann einnig upp á nýjungum, ekki síst með því að kynna nýtt stef til sögunnar og það í fjarskyldri tóntegund, e-moll. Það var fátítt að tónskáld ráfaði svo langt frá heimaslóð og ekki er síður áhrifamikild hvernig Beethoven kemst yfirleitt á svo fjarlægum stað. Hann hægir verulega á hljómskiptum, lætur hljómsveitina hvíla á einum og sama hljómnnum ýmist í fjóra eða átta takta í senn, ávallt með áherslum sem setja þrískiptan hryn tónlistarinnar í uppnám. Einnig hleður hann ómstríðum tónum hverjum ofan á annan. Þegar tónaklasinn leysist loks er það fagnaðarefni þótt umrædd tóntegund sé í órafjarlægð frá því sem lagt var upp með.

Annar þáttur sinfóníunnar er útfararmars, skilgetið afkvæmi franskrar byltingartónlistar þar sem teflt var fram dramatískum andstaðum. Hér vikur tregafull hending í hljóðlátum strengjum fyrir mikilfenglegum *forte*-kafla með pákum og trompetum. Stundum er engu líkara en að treginn sé í þann veginn að bera tónlistina ofurliði. Undir lokin heyrast upphafsstefið í molum, með óvæntum þögnum þar sem áður var ein löng hending – eins og einhver þurfi að grípa andann á lofti. Fiðlurnar standa eftir einar og óstuddar en kontrabassarnir bæta við plokki á stöku stað.

Þriðji kafla er gáskafullt *scherzo* en það er lokaþátturinn sem myndar hápunkt verksins í heild og losar um þá spennu sem safnast hefur upp. Hér hljóma tilbrigði um stef sem Beethoven hafði samið um 1801 og notað bæði í balletti sínum *Verur Próméþeifs* (*Die Geschöpfe des Prometheus*), og í píanótilbrigðum op. 35. Stefið er einfalt en hentar vel til margvíslegra umbreytinga. Þetta nýtir Beethoven sér meðal annars með tilþrífamikilli músík fyrir fiðlur og flautu, litríkum sígaunadansi og sálmalagastemningu í tréblásurum.

Eroica hlaut fremur bágar viðtökur. Sinfónían var frumflutt á heimili Lobkowitz prins, sem var mikill velgjörðarmaður Beethovens, en fyrsti opinberi flutningurinn fór fram í apríl 1805 í Theater an der Wien undir stjórn tónskáldsins. Vínarbúar vissu vart hvaðan á sig stóð veðrið. „Ég skal gefa ykkur skilding ef þið hættið þessum hávaða,“ á órvæntingarfullur tónleikagestur að hafa hrópað úr einni stúkunni. Gagnrýnanda *Allgemeine musikalische Zeitung* þótti ekkert vanta upp á „óvænta og furðulega“ kafla og harmaði það að Beethoven skyldi svo oft týnast í „lögleysu“ tónanna. Annar sagði að sinfónían væri „of þung, of löng og óbærileg venjulegu áhugafólki um tónlist“ og tveir listrýnar hvöttu Beethoven til að stytta verkið svo það næði hinu „hreina formi fullgerðs listaverks“. Beethoven hélt þó ótrauður sínu striki. Hans eigin bylting var rétt að hefjast.

Árni Heimir Ingólfsson

TCHAIKOVSKY

Évgení
Ónegín

Tímalaus rússnesk ástarsaga

MARGVERÐLAUNADUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ-LEIKHÚSINI Í TITILHLUTVERKI

MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BENJAMIN LEVY** · LEIKSTJÓRI **ANTHONY PILAVACHI**
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · HLÖÐVER SIGURÐSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

10.-13. OKTÓBER 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrunn Guðmundsdóttir
Pascal La Rosa

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Móeiður Sigurðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Vigdís Másdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Halla Gylfadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

SAXÓFÓN

Sigurður Flosason
Vigdís Klara Aradóttir

FAGOTT

Michael Kaulartz
Kristian Oma Rønnes

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daníel Bjarnason *staðarlistamaður*

Árna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigbór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2016



2017

**REGNBOGAKORT
GOTT SÆTI
MEÐ GÓÐUM
AFSLÆTTI
SINFONIA.IS**

Með Regnbogakorti getur þú valið ferna eða fleiri tónleika af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti og 20–50% afslátt.
Komdu við í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is og gakktu frá kaupunum.

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA